

Efling rannsókna, skipulags og eftirlits í fiskeldi á Vestfjörðum

Þriðja haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga haldið á Ísafirði dagana 5.-6. október 2018 krefst þess að staðið verði við fyrirheit um að sviðsstjóri fiskeldismála hjá Hafrannsóknarstofnun ásamt sérfræðingum verði með aðsetur á Ísafirði eins og kveðið var á um í tilkynningu frá 6. október 2016 frá þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Þetta er liður í þeirri kröfu að rannsóknir, skipulag og eftirlit atvinnugreinarinnar verði byggt upp á Vestfjörðum.